



Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu
101 Reykjavík

for@for.is

Reykjavík, 22. mars 2021

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, mál nr. 73/2021.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) styðja breytingar sem felast í frumvarpsdrögum og felast í að stofnað verði sjálfstætt Vísinda- og nýsköpunarráð sem verði aðallega ráðgefandi gagnvart ráðherra nefnd um vísindi og nýsköpun. Ráðið hvetji til almennrar umræðu um málaflokkinn og skili árlega skýrslu um stöðu vísinda og nýsköpunar hér á landi með hliðsjón af alþjóðlegri þróun, stefnu stjórnvalda og samfélagslegum áskorunum.

Frumvarpsdrögin byggja á skýrslu forsætisráðuneytis *Breytt lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, tillaga verkefnishóps* sem út kom í ágúst síðastliðnum. Samtökin skiluðu umsögn um skýrsluna sem í aðalatriðum tók undir greiningu og niðurstöðu verkefnishópsins.

Í frumvarpsdrögum er lagt til að forsætisráðherra skipi þrjú einstaklinga í tilnefningarnefnd og að einn af þeim skuli skipaður samkvæmt tilnefningu samtaka fyrirtækja í iðnaði. Samtökin leggja til að SA tilnefni fulltrúa í tilnefningarnefndina, í nánú samráði við SI, enda hafa SA sýnt það undanfarin ár með tilnefningum sínum í Vísinda- og tækniráð, stjórn Tæknipróunarsjóðs o.fl. að leitast er við að tilnefna fulltrúa sem starfa hjá fyrirtækjum í iðnaði eða hafa sterk tengsl við iðnað. Þó vísindi og nýsköpun eigi helst við í iðnaði þá nýtast nýjar lausnir í öllum atvinnugreinum og því verður leitast við að fulltrúi atvinnulífsins hafi góða yfirsýn yfir þarfir í ólíkum greinum eins og sjávarútvegi, orkuíðnaði, líf- og heilbrigðisiðnaði og fleiri.

Aðstæður fyrir rannsóknir, þróun og nýsköpun hér á landi eru að mörgu leyti góðar, og hafa tekið jákvæðum breytingum að undanfögnu, sérstaklega vegna hækkunar á endurgreiðslum vegna rannsóknar- og þróunar sem áttu sér stað árið 2020. Íslenskir vísindamenn taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og mikil gróska er í sprota- og vaxtarfyrirtækjum um þessar mundir. Fjárfesting í rannsóknum og þróun (R&D) sem hlutfall af landsframleiðslu hefur hækkað að undanfögnu og bendir margt til þess að met ársins 2019 (2,35%) hafi verið slegið 2020 en endanlegar tölur liggja ekki fyrir fyrr en síðar á þessu ári. Um 69% útgjalda til R&D er á vegum fyrirtækja en 31% háskóla og opinberra stofnana. Þetta sýnir mikilvægi þess að Vísinda- og nýsköpunarráð sé að meirihluta skipað fulltrúum fyrirtækja og iðnaðar.

Áhyggjuefni er þó að Ísland hefur ekki verið framarlega á lista um stöðu ríkja í nýsköpun síðustu ár og á listum Evrópsku nýsköpunarkönnunarinnar. Einnig má nefna að í könnun IMD sem Viðskiptaráð Íslands birtir árlega var Ísland til skamms tíma neðst Norðurlanda um tæknilega og vísindalega innviði.

Samtökin taka undir að mikil þörf er að endurskoða lögin um Vísinda- og tækniráð. Æskilegt er að fækka í ráðinu frá því sem nú er en tryggja þarf samt að þar komi að einstaklingar með mismunandi og fjölbreyttan bakgrunn og viðamikla þekkingu á skilyrðum og starfsumhverfi nýsköpunar. Núverandi ráð að ráðherrafrátöldum endurspeglar ekki samsetningu útgjalda til rannsókna og þróunar enda eru þar einungis þrjú sem starfa í fyrirtækjum en langflestir starfa í háskólum og stofnunum og æskilegt er að á þessu verði breyting.



Samtökin taka undir mikilvægi þess að starf ráðsins hafi stuðning af sérstökum starfsmönnum enda hefur starf tækninefndar síðustu ár ekki verið nægjanlega markvisst. Samtökin taka jafnframt undir tillögu um að ráðið tilnefni ekki fulltrúa til setu í stjórnnum Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs heldur ráðist samsetning af tilnefningu hagsmunaaðila á fulltrúum eins og nú á að mestu við um Tækniþróunarsjóð.

Vísindi og nýsköpun leggja grunn að verðmætasköpun í landinu bæði í bráð og lengd og um leið að hagsæld íslensku þjóðarinnar. Á mörgum sviðum er Ísland í fremstu röð og þarf að standa vörð um og efla þessi svið enn frekar auk þess að gefa gaum að alþjóðlegri þróun og nýjum vaxtarsprotum og tækifærum.

Samtökin hafa trú á því að með breytingum sem felast í frumvarpinu muni takast að efla umhverfis vísinda og nýsköpunar. Það er nauðsyn.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins